

# Frá hugmynd að höggmynd - Teikningar Ásmundar Sveinssonar

Almennt læra ung börn að tala með því einfaldlega að æfa sig í að tjá sig og koma hugsun sinni til skila. Börnin gera óhjákvæmilega fjölmargar villur fyrstu árin, gjarna hinum fullorðnu til skemmtunar, en á nokkrum árum læra þau flest að skilja og nota tungumál – jafnvel fleiri en eitt á sama tíma – án þess að fylgja nokkurri meðvitaðri aðferðafræði, og í raun án þess að hafa hugmynd um hvernig það gerist. Að læra að tjá sig og skilja aðra í gegnum tungumál virðist einfaldlega náttúrulegt og eðlilegt ferli sem tekur ákveðinn tíma, og sú kunnátta sem þarf til að nota tungumál verður ekki fenginn eftir öðrum leiðum.

Löngunin til að teikna virðist mannum jafn eðlislæg að löngunin til að tala, og einn þekktasti listkennari 20. aldar, Kimon Nicolaïdes, hélt því fram það væri aðeins ein rétt leið til að læra að teikna – hin eðlilega leið æfingar og þjálfunar. Hann taldi að sú leið hefði ekkert með tilgerð eða tækni að gera, og að fagurfræði og hugmyndafræði skiptu þar engu máli. Aðferðin fælist í því taka rétt eftir, og nema viðfangsefnið með öllum skynsviðum, ef mögulegt væri. Ef að listneminn færi ekki í gegnum þetta ferli og æfði sig í teikningu á grundvelli þess, ætti það eftir að koma honum í koll, og þá þyrfti hann væntanlega að fara aftur og aftur á þetta byrjunarstig listsköpunarinnar<sup>1</sup>.

Teikningin er nauðsynlegt verkfæri listamannsins, ekki síður myndhöggvarans en málarans. Fyrir utan þá almennu þjálfun hugar og handar, skynjun forma og heildar, sem teikningin skilar hverjum listamanni sem notar miðillin, þá koma gjarna fram í henni fyrstu hugmyndir um útlit, umfang, andblæ og tjáningu hvers viðfangsefnis, sem leggja um síðir grunninn að fullsköpuðu listaverki.

Ásmundur Sveinsson ólst upp á almennu sveitaheimili á Kolsstöðum í Dalasýslu og gekk þar í öll störf eins og annað heimilisfólk. Hann naut þess því ekki að geta stundað listnám í æsku, þó vitað sé að hann var handlaginn og gerði nokkra áhugaverða gripi á unglingsárum.<sup>2</sup> Ásmundur fékk fyrst tækifæri til að byrja að læra að teikna þegar hann kom til Reykjavíkur 1915, 22 ára gamall, til að hefja nám í tréskurði – og eftir það má segja að teikningarnar hafi farið að streyma fram.

Nýlega var lokið frumskráningu og rafrænni skönnun allra teikninga í eigu Listasafns Reykjavíkur – Ásmundarsafns, og er mikill fengur að því að geta nú loks kynnst þessari hlið á listsköpun myndhöggvarans Ásmundar Sveinssonar á grunni nýjustu tækni. Umræddar teikningar eru tæplega 2.000 talsins og þar má finna fjölbreytt viðfangsefni; módelteikningar, helgimyndir, formfræði, mannamyndir, afstrakt tilvísanir og allt sem nöfnum tjáir að nefna – þar á meðal nokkurn fjölda teikninga sem tengja má við einstakar höggmyndir, sem Ásmundur vann á langri og gifturíkri starfsævi.

---

<sup>1</sup> Sjá inngang bókar Kimon Nicolaïdes, *The Natural Way to Draw*, sem fyrst kom út 1941, og hefur verið notuð sem grundvallarrit við teiknikennslu um allan heim. Nicolaïdes kenndi við hinn þekhta listaskóla *Art Students' League* í New York í Bandaríkjunum.

<sup>2</sup> Matthías Jóhannessen, *Bókin um Ásmund*, (útg. Helgafell, 1971), bls. 29.

Þessar teikningar geta ekki talist margar, miðað við langa starfsævi. Við fyrstu sýn ber mest á teikningum sem tengja má við námsár Ásmundar, fyrst í Iðnskólanum í Reykjavík, þar teiknikennari hans var Þórarinn B. Þorláksson, einn helsti frumkvöðull íslenskrar myndlistar, síðan dvalarárið í Kaupmannahöfn, og loks við giftudrjúgan námstíma í Stokkhólmi. En hér er einnig að finna teikningar frá tíma hans í París, ferðum suður um Evrópu, og loks frá vinnu hans heima á Íslandi, þó að vissulega séu þær teikningar fæstar sem tengja má með öruggum hætti við síðustu áratugi starfsævi hans. Má ætla, að þá hafi formhugsun listamannsins verið orðin slík, að hann hafi ekki talið þörfina fyrir teikningar til að undirbúa verkin vera jafn mikla og áður.

Það er ljóst að Ásmundur hefur lagt mikla áherslu á það á sínum námsárum að þjálfa hæfileika sinn til að teikna, og virðist í þeirri vinnu hafa farið við það eftir þeim aðferðum sem Nicholaïdes lýsti síðar, þ.e. með því að beita allri sinni skynjun til að kynnast viðfangsefninu, og leita leiða til að koma því sem best til skila, hvers eðlis sem það kynni að vera. Í huga Ásmundar var hin eilífa leit að kjarna viðfangsefnisins einn mikilvægasti þátturinn í fari hvers listamanns, og það endurspeglast í teikningum hans ekki síður en öðrum listaverkum. Ásmundur leiðbeindi verðandi listamönnum síðar á ævinni, og til að leggja áherslu á mikilvægi þessa vitnaði hann gjarna til orða franska myndhöggvarans Auguste Rodin, sem sagði: „Fegurð er ekki til, aðeins leit að fegurð.“ Ásmundur bætti síðan við – frá eigin brjósti – að leitinni væru hins vegar engin tókmörk sett.<sup>3</sup>

Í sýningunni **Frá hugmynd að höggmynd og fleira** er að finna nokkur dæmi um þá eilífú leit að fegurðinni, sem var kjarninn í teikningum Ásmundar Sveinssonar. Úrvalið sem hér er brugðið upp gefur aðeins nokkra innsýn í þetta ríkulega safn teikninga, þar sem valdar hafa verið saman myndir sem tengja má eftir ákveðnum viðfangsefnum. Væntanlega verða síðar haldnar fleiri sýningar þar sem leitað verður fanga í þeim fjársjóði, sem felst í þessum teikningum.

Umtalsverður hluti þeirra teikninga sem Ásmundur skildi eftir sig er bundinn í nær þrjátíu skissubækur, og því eðlilega ekki eins hægt um vik að sýna þær og hinar, sem eru unnar á laus blöð. Því eru ýmsar teikningar úr skissubókum sýndar hér með ljósmyndum, en bækurnar sjálfar er að finna í sérstökum sýningarborðum til frekari fróðleiks.

Teikningar Ásmundar Sveinssonar hafa ekki verið mikið sýndar, en í þeim felast ýmis tækifæri til frekari rannsókna á ferli listamannsins og listsköpun. Má vænta þess að teikningarnar veki vaxandi athygli í framtíðinni meðal þeirra sem hafa áhuga á að kynnast nýjum þætti í íslenskrri listasögu og listsköpun þessa ágæta listamanns. Í sýningunni felast fyrstu skref í þeim kynnum.

Eiríkur Þorláksson, listfræðingur.

---

<sup>3</sup> Matthías Jóhannessen, *Bókin um Ásmund*, (útg. Helgafell, 1971), bls. 13.